

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2022, miðvikudaginn 2. nóvember kl. 09:08, hélt umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur 247. fund sinn. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð Ráðssal. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem, Friðjón R. Friðjónsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Kjartan Magnússon, Pawel Bartoszek, Þorvaldur Daníelsson og áheyrnarfulltrúinn Kolbrún Baldursdóttir. Áheyrnarfulltrúinn Ásta Þ. Skjalddal Guðjónsdóttir tekur sæti á fundinum með rafrænum hætti. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Dagný Alma Jónasdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

### Þetta gerðist:

#### (D) Ýmis mál

1. Umhverfis- og skipulagsráð, breyting á fundarsetu varamanna (MSS22060046)  
Mál nr. US220234

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 17. október 2022, þar sem tilkynnt er að á fundi forsætisnefndar þann 14. október 2022 hafi verið samþykkt var að Andrea Helgadóttir taki sæti sem áheyrnarfulltrúi í umhverfis- og skipulagsráði í stað Ástu Þórdísar Skjalddal Guðjónsdóttur og að Ásta taki sæti sem áheyrnarfulltrúi til vara í stað Andreu.

2. Ársfundur náttúruverndarnefnda sveitarfélaga 2022 Mál nr. US220270

Ársfundur náttúruverndarnefnda sveitarfélaga verður haldinn 10. nóvember 2022, kl. 11:00 til 15:15, að Austurvegi 1-3, Grindavík.

Þórólfur Jónsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

#### (E) Umhverfis- og samgöngumál

3. Niðurstöður náttúruvafarsúttekta sumarið 2022, kynning Mál nr. US220224

Kynning á niðurstöðum náttúruvafarsúttekta sumarið 2022  
Frestað.

4. Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa, umsögn Mál nr. US220267

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fram kemur í umsögn að „Reykjavík fagnar því að vinna sé hafin við endurskoðun á stefnu um líffræðilega fjölbreytni og hefur fullan áhuga á að taka þátt í þeirri vinnu.“ Ekki veitir af því þar sem stefna borgarinnar í þessum málum hefur verið sérstök. Allar smá framkvæmdir svo sem að gera blómabeð eru talin styrkja líffræðilega fjölbreytni, en eyðing náttúrulegra fjara hefur ekki verið talin valda minnkun á líffræðilegri fjölbreytni.

Þórólfur Jónsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

#### (A) Skipulagsmál

5. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 27. október 2022.

6. Keldur, kynning Mál nr. US220271

Kynning á stöðu vinnu við undirbúning samkeppni og skipulagsgerðar í landi Keldna, sem unnin er í samvinnu við Betri samgöngur.

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Þökkum góða kynningu. Mjög mikilvægt er að tryggja samfelld græn svæði í fyrirhuguðu skipulagi. Tryggja þarf áfram grænar tengingar milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar þannig að fólk geti nýtt stíga sem liggja í náttúru og þvera ekki stórar götur, óháð tengingum meðfram borgarlínu. Rétt er að samkeppnislýsing fyrir svæðið komi til umfjöllunar ráðsins áður en samkeppnin er sett af stað.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Æskilegt er að Keldnaland verði skipulagt í góðu samræmi við byggð í aðliggjandi hverfum, þ.e. Foldahverfi og Húsahverfi. Varað er við því að við skipulag hins nýja hverfi verði áhersla lögð á mikla uppbyggingu og hámarksafrakstur af lóðasölu, frekar en að skapa þar fallegt og mannvænlegt hverfi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Keldur, vel tengt framtíðarhverfi er yfirskrift kynningar um Keldur. Þetta svæði er einstakt og því mikilvægt að vanda sig með. Leggja þarf áherslu á að nýta svæðið fyrir fólk. Atvinnuhúsnæði er rétt hjá t.d. fyrir ofan og norðan Grafarholt. Þetta er grænt svæði og tækifæri til að koma inn með blágrænar ofanvatnslausnir. Móta á staðaranda, byggð í náttúrulegu umhverfi. Hér skiptir máli að fara ekki út í neinar öfgar, þéttingaöfgar en sjálfsagt er að byggja þétt. Taka þarf mið af öðrum hverfum. Flokkur fólksins spyr eins og fjölmargir aðrir, hvenær er reiknað með að borgarlína verði komin þarna? Það er þessi tímarás sem er nokkuð á reiki. Fyrir liggur að uppbygging Keldnalandins eigi að haldast í hendur við að borgarlína komi í hverfið.

Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, verkefnastjóri, Hrafnkell Proppé, frá Urbana og Þorsteinn R. Hermannsson, frá Betri samgöngum taka sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Bræðraborgarstígur 1, 3 og 5, skipulagslýsing Mál nr. SN220053

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju umsókn Yrki arkitekta ehf. dags. 26. janúar 2022 ásamt lýsingu dags. 21. júní 2022 vegna gerð nýs deiliskipulags fyrir lóðirnar nr. 1, 3 og 5 við Bræðraborgarstíg. Tilgangur með nýju deiliskipulagi fyrir svæðið er að skilgreina og setja skilmála um umfang nýbygginga á lóðum Bræðraborgarstígs 1 og 3. Markmiðið er að ná fram tillögu sem tekur tillit til nærumhverfisins og virðir sögu staðarins í samræmi við aðferðir og tækniþekkingu okkar tíma. Lýsingin var kynnt frá 19. júlí 2022 til og með 31. ágúst 2022. Eftirtaldir sendu athugasemd/ábendingu/umsögn: Borgarfulltrúi Sóssíalista dags. 28. júní 2022, Erla Þórarinsdóttir dags. 27. júlí 2022, Veitur ohf. dags. 17. ágúst 2022, Guðrún Karlsdóttir, Jón G. Sædal og Berta Andrea Jónsdóttir Snædal dags. 21. ágúst 2022, Sturla Einarsson dags. 24. ágúst 2022, Daði Guðbjörnsson dags. 25. ágúst 2022, Skipulagsstofnun dags. 25. ágúst 2022, Minjastofnun Íslands dags. 29. ágúst 2022, Friðbjörg Ingimarsdóttir, Gunnar Hersveinn, Elna Katrín Jónsdóttir, Jón Ingi Hannesson og Erla Þórarinsdóttir f.h. 55 aðila/nágranna við Bræðraborgarstíg 1, 3 og 5 dags. 31. ágúst 2022, Astrid Lelarge dags. 31. ágúst 2022 og Ásta Olga Magnúsdóttir dags. 31. ágúst 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 og er nú lagt fram að nýju ásamt samantekt á athugasemdum og ábendingum vegna skipulagslýsingar, dags. 27. október 2022.

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Drög að skipulagslýsingu fyrir Bræðraborgarstíg 1, 3 og 5 sýna mikið byggingarmagn á þröngum reit. Umhverfi reitsins einkennist af fínofnu byggðamynstri við eina elstu götu borgarinnar. Við teljum nauðsynlegt að skipulagslýsingin samræmist betur því mynstri sem fyrir er.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að við deiliskipulagsvinnu fyrir lóðirnar nr. 1, 3 og 5 við Bræðraborgarstíg eigi að taka ríkt tillit til ríkjandi byggingarstíls í nágrenninu. Sérstaklega þarf að gæta þess að byggingarmagn verði ekki of mikið eins og nýleg dæmi eru um úr hverfinu. Horn Bræðraborgarstígs og Vesturgötu er mikilvægt fyrir ásýnd hverfisins en við umræddar götur er ein heillegasta byggð gamalla húsa í Reykjavík. Tekið er undir athugasemdir nággranna um að skipulag reitsins verði að byggja á virðingu fyrir sögunni og menningararfi höfuðborgarinnar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Talsverð andstaða virðist vera gegn því að sameina lóðirnar 1 og 3. Áhyggjur eru af auknu byggingarmagni, reiturinn er þröngur. Athugasemdir nággranna eru margar og margs konar. Flokkur fólksins hvetur skipulagsyfirvöld að hlusta á nággranna og gera það með opnum huga. Vissulega er oft andstaða með breytingum og meta þarf athugasemdir af sanngirni. Ná þarf sátt milli aðila sem að málinu koma. Næsta skref er að vinna deiliskipulagslýsingu. Áhugavert verður að fylgjast með framvindu málsins.

Ingvar Jón Bates, verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Brautarholt 32, breyting á deiliskipulagi (01.250.1) Mál nr. SN210558

Lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 3. ágúst 2021 um breytingu á deiliskipulagi Skipholtsreits vegna lóðarinnar nr. 32 við Brautarholt. Í breytingunni sem lögð er til felst breyting á lóðamörkum, hækkun á veggshæð að Brautarholti, hækkun á nýtingarhlutfall vegna minni lóðar og B-rýma ásamt því að gert er ráð fyrir bílakjallara og að skilmálar um bílastæði verði endurskoðaðir, samkvæmt deiliskipulagsupph. KRark, dags. 21. september 2022. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Ingvar Jón Bates, verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (B) Byggingarmál

9. Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa, fundargerðir Mál nr. BN045423

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 25. október 2022.

### (E) Umhverfis- og samgöngumál

10. Tillaga um sérákvæði í Vogabyggð, tillaga Mál nr. US220269

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

1. Drómundarvogur verði vistgata
2. Umferð frá Bátavogi víki fyrir umferð um Kleppsmýrarveg á biðskyldu.
3. Kuggavogur verði einstefnugata til norð-austurs milli Dugguvogs og Súðarvogs
4. Trilluvogur verði einstefnugata til austurs.
5. Að eftirfarandi götur hafi leyfilegan hámarkshraða 30 km/klst
  - a. Dugguvogur milli Tranavogs og Kleppsmýrarvegjar
  - b. Kleppsmýrarvegur austan Dugguvogs
  - c. Tranavogur

- d. Trilluvogur
- e. Súðarvogur
- f. Kuggavogur
- g. Skektuvogur
- h. Arkarvogur
- i. Bátavogur

6. Eitt stæði við Súðarvog 11 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða

7. Eitt stæði við Súðarvog 2 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða

8. Eitt stæði við Skektuvog 2 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða

9. Eitt stæði við Arkarvog 2 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum. Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlagi nr. 77/2019.

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Með tillögunni er lagt til að allar götu í Vogabyggð 1 verði vistgötur eða 30-götur í samræmi við hámarkshraðaáætlun. Við styðjum þessar sjálfsgöðu tillögunni.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja áherslu á að umferðaröryggi gangandi vegfarenda, ekki síst skólabarna, verði aukið frá Kleppsmýrarvegi að Skeiðarvogi, yfir Sæbraut. Við núverandi aðstæður er öryggi barna stefnt í mikla hættu. Mikilvægt er að komið verði upp tímabundinni göngubrú á kaflanum hið allra fyrsta, meðan beðið er eftir að framkvæmdum við Sæbrautarstokk ljúki.

### (D) Ýmis mál

11. Furugerði 2, kæra 119/2022 (01.806.3) Mál nr. SN220679

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 20. október 2022 ásamt kærðu dags. 18. október 2022 þar sem kærður er dráttur sem orðið hefur á því að Reykjavíkurborg afhendi kæranda gögn í máli vegna fjölgunar bílastæða á lóð Furugerðis 2 í Reykjavík samkvæmt beiðni þar um 15. júlí sl.

12. Neðstabergr 7, kæra 115/2022, greinargerð (04.675.2) Mál nr. SN220657

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 9. október 2022 ásamt kærðu dags. 3. október 2022 er lýtur að byggingarleyfi viðbyggingar að Neðstabergr 7. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 20. október 2022.

13. Vesturgata 67, kæra 118/2022, greinargerð (01.133.1) Mál nr. SN220660

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 17. október 2022 ásamt kærðu dags. 14. október 2022 þar sem kærð er útgáfa á nýju byggingarleyfi dagsett 15. september 2022 fyrir nýbyggingu að Vesturgötu 67. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 25. október 2022.

14. Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2022, útnefning, trúnaðarmál Mál nr. SN220386

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 22. september 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á trúnaðarmerktum tillögum að fegrunarviðurkenningum Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022.

15. Starhagi 11, breyting á deiliskipulagi (01.555.2) Mál nr. SN220581

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 20. október 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Starhaga-Þormóðsstaðavegar vegna lóðarinnar nr. 11 við Starhaga.

16. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um óbyggðar lóðir í Úlfarsárdal, svar (USK22080046) Mál nr. US220135

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um óbyggðar lóðir í Úlfarsárdal, sbr. 39. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. júní 2022, ásamt svari byggingarfulltrúa, dags. 26. október 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fyrirspurn Flokks fólksins gekk út á að fá upplýsingar um óbyggðar lóðir í Úlfarsárdal. Samkvæmt svari virðist sem svo að innan 6 ára frá úthlutun lóða eigi hús að hafa risið og gengið frá lóð. Þarna hafa lóðir legið auðar í 15-16 ár, nema að á þær hefur ýmislegt ófagurt safnast. En er það bara allt í lagi? Hvar er eftirlitið, hagar hverfisins og eða umsjón borgarinnar? Það á ekki að vera svo að auðar lóðir, sem einhvern tíma verður byggt á, hindri eða seinki myndum eðlilegs byggðahverfis.

17. Tillaga fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar, um Spöngina Mál nr. US220266

Lögð fram að nýju tillögu fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um Spöngina, sbr. 30. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 26. október 2022. Tillögunni fylgir greinargerð.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

18. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um að borgarbúar fái sjálfir tækifæri til að forgangsraða verkefnum í borginni. Mál nr. US220264

Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að borgarbúar fái sjálfir tækifæri til að forgangsraða verkefnum í borginni, sbr. 31 liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 26. október 2022.

Tillögunni er vísað frá.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Síðasti meirihluti sem er að mestu sá sami og sá sem ríkir nú talaði og talar mikið um samráð og gegnsæi. Sú tillaga sem hér er lögð fram, „Að borgarbúar fái sjálfir tækifæri til að koma að forgangsraðun verkefna í borginni“ er vísað frá. Í raun má segja að borgarbúar hafi lítið um stóru málin í borginni að segja. Þeir fá jú að hafa rödd þegar ákveða á um minni mál, t.d. hvar blómapottur eða bekkur á að standa en þegar kemur að t.d. að leggja torg eða að fá því framgengt að sett sé meira fjármagn til að liðka fyrir þjónustu við börn, ráða þeir litlu. Það fjármagn sem verið er að sýsla með eru peningar (útsvarsfé) borgarbúa. Auka þarf lýðræði í borginni og bjóða borgarbúum að greiða atkvæði um stórar fjárfestingar, í það minnsta að þeirra skoðun hafi alvöru vægi þegar kemur að ákvarðanatöku.

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarbúar hafa tækifæri á að forgangsraða verkefnum í tengslum við verkefnið Hverfið mitt sem einmitt stendur yfir. Þátttakan í verkefninu hefur aldrei verið meiri og hugmyndir borgaranna aldrei fleiri. Ekki er að sjá hverju þessi tillaga um að setja hin ýmsu mál í skoðanakönnun bæti við þá vönduðu umgjörð sem þegar hefur skapast.

19. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um Fossvogsbrú Mál nr. US220265
- Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Fossvogsbrú, sbr. 32. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 26. október 2022.
- Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.
20. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um geymslu hjóla- og fellihýsa (USK22100013) Mál nr. US220238
- Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um geymslu hjóla- og fellihýsa, sbr. 26. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 5. október 2022.
- Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu stjórnsýslu og gæða.
21. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um stæði fyrir rafskútur (USK22100012) Mál nr. US220239
- Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stæði fyrir rafskútur, sbr. 27. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 5. október 2022.
- Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.
22. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu, um hönnun og skipulag Vogabyggðar Mál nr. US220273

Í því skyni að bæta aðstæður til hjólreiða í Vogabyggð er því lagt til að leitast verði við að leggja sérmerktar hjólareinar milli götu og gangstéttar þar sem aðstæður leyfa. Við hönnun og skipulag Vogabyggðar hefur í mörgum tilvikum farist fyrir að leggja sérmerktar hjólareinar milli götu og gangstéttar. Slíkt hefði þó verið hægðarleikur því gangstéttar í hverfinu eru flestar breiðar og rúmgóðar.

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.  
Fundir slitið kl. 11:29**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Alexandra Briem

Hildur Björnsdóttir  
Hjálmar Sveinsson  
Pawel Bartoszek

Friðjón R. Friðjónsson  
Kjartan Magnússon  
Þorvaldur Daníelsson

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2022, þriðjudaginn 25. október kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1185. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erla Bjarný Jónsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson og Guðrún Ósk Hrólfsdóttir  
Fundarritari var Erla Bjarný Jónsdóttir.

**Þetta gerðist:**

**Nýjar/br. fasteignir**

1. Aflagrandi 40 (15.223.01) 105979 Mál nr. BN061586  
640789-1239 Aflagrandi 40, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík  
Stefán Agnar Magnússon, Aflagrandi 40, 107 Reykjavík  
Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í lokun á hluta opa í útveggjum bílgeymslu, matshluta nr. 02, hús á lóð nr. 40 við Aflagrandi.  
Erindi fylgir bréf hússtjórnar ásamt fylgiskjöllum dags. 10. október 2022  
Gjald kr. 13.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
2. Almannadalur 25-29 (05.865.2) 208504 Mál nr. BN061398  
601299-6079 Alhliða pípulagnir sf., Akralind 5, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að byggja hesthús á tveimur hæðum, steinsteypt burðarvirki með timburþaki, skipt upp í tvær notkunareiningar, notkunareining 03-0101 eru 8 stíur ásamt hlöðu á 1. hæð og kaffistofu á 2. hæð með útgengt út á svalir til suðurs, í notkunareiningu 03-0102 eru 11 stíur og hlaða á 1. hæð og kaffistofu á 2. hæð með útgengt út á svalir til norðurs á húsi nr. 29 á lóð nr. 25-29 við Almannadal.  
Stærð: 423,2 ferm., 1.354,5 rúmm.  
Erindi fylgir útreikningur varmataps dags. 22. ágúst 2022.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 12. september 2022.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 6. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 6. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
3. Arnarbakki 1-3 (46.322.01) 111860 Mál nr. BN061612  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059906, þ.e. forrými bókasafns breytt í aðstöðu námsráðgjafa í matshluta nr. 03, í húsi á lóð nr. 1-3 við Arnarbakka.  
Gjald kr. 13.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
4. Austurv Thorvaldsenss (11.404.18) 100859 Mál nr. BN061642  
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkurlugvelli, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053964 v/lokaúttektar þannig að brunamerkingum er breytt í hóteli á lóðinni Austurv Thorvaldsenss.  
Gjald kr. 13.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
5. Álfheimar 21 (01.432.205) 105236 Mál nr. BN061119  
611218-2650 Ankor ehf., Álfheimum 21, 104 Reykjavík

Garðar Einarsson, Bandaríkin, Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. reistir milliveggir í bílgeymslu, bílskúrshurðir fjarlægðar, komið fyrir útgangshurð og glugga á rými 02-0101, byggt hefur verið yfir tröppur, komið fyrir hurð í burðarvegg og gluggar á vesturhlið fjarlægðir, jafnframt er sótt um að fjölga fasteignum með íbúð í kjallara, breyta notkun bílskúrs og skipta í tvær notkunareiningar sem vinnustofur, eignarhald vinnustofu 02-0101 verði eign kjallara 01-0001 og vinnustofu 02-0102 verði eign íbúð 01-0201 í húsi á lóð nr. 21 við Álfheima.

Stækkun: 5,61 ferm., 23,73 rúmm.

Erindi fylgir afrit eignaskiptayfirlýsingar þinglýst 23. október 2000, samþykki meðeigenda dags. 20. júlí 2022 og yfirlit breytinga.

Erindi fylgir skýrsla húsaskoðunar dags. 19. október 2022.

Breytt umfjöllun á teikningum hönnuðar dags. 1. ágúst 2022, móttækna þann 6. september 2022.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 6. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 6. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022.

Erindi fylgir uppfært samþykki eigenda og meðlóðarhafa í formi afrits af fundargerð dags. 15. október 2022 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 17. október 2022.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Lagfæra skráningu.

6. Álftahólar 4-6 (46.426.01) 111912 Mál nr. BN061616  
460411-0760 Snorri ehf, Skógarási 8, 221 Hafnarfjörður  
Sótt er um leyfi til að setja svalaskýli á allar svalir og nýklæða suðurhlið matshluta nr. 02 og 03, húsa nr. 4 og 6 á lóð nr. 2-8 við Álftahóla.  
Erindi fylgir bréf breytinga dags. 16. september 2022, afrit umsagnar skipulags vegna fyrirspurnar umsækjanda dags. 6. maí 2022 og afrit skýrslu ráðgjafar vegna viðhaldsskoðunar dags. 2. febrúar 2021.  
Gjald kr.13.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
7. Ármúli 5 (12.620.02) 103514 Mál nr. BN061643  
Skorri Rafn Rafnsson, Gvendargeisli 102, 113 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050326 þannig að þrjú ný herbergi eru innréttuð í rými 0304 og 0307 og herbergi 317 318 eru sameinuð á 3. hæð í gististað í flokki IV, teg. a, á lóð nr. 5 við Ármúla.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 13.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
8. Ásvallagata 21 (11.622.08) 101266 Mál nr. BN061410  
Örvar Eyjólfsson, Ásvallagata 21, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN033899 m.s.br., salerni breytt í geymslu, svalir stækkaðar, þak hækkað, fallið frá hallandi þakhluta meðfram útvegg aðliggjandi nágretta nr. 19 við Ásvallagötu og frágangur þaks við lóðarmörk húss á lóð nr. 21 við Ásvallagötu.  
Stækkun: 4,1 ferm., 1,0 rúmm.  
Erindi fylgir samþykki eiganda í formi áritunar á afrit teikninga aðalhönnuðar dags. 15. ágúst 2022 og yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttu samþykktir 2. maí 2017, erindi BN052739.  
Erindi fylgir séruppdráttur svara nr. 20-13, dags. 15. ágúst 2022.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 13. september 2022.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 20. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 18. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2022.  
Gjald kr.12.600  
Frestað.  
Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2022.



9. Barónsstígur 32 (11.921.02) 102529 Mál nr. BN061636  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi húss og lóðar hvað varðar bætt aðgengi og umferðarleiðir í húsi á lóð nr. 32 við Barónsstíg.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. október 2022, afrit umsagnar Minjastofnunar Íslands dags. 28. september 2022 og bréf, stutt samantekt úr byggingasögu Austurbæjarskólans, ódagsett.  
Gjald kr.13.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
10. Barónsstígur 47 (11.931.01) 102532 Mál nr. BN061475  
710304-3350 Álftavatn ehf., Pósthólf 4108, 124 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta gististað í flokki II, teg. d, gistiskáli, 14 herbergi fyrir 32 gesti á 4. hæð sem verður viðbót við gistiskála sem fyrir er á 1. og 2. hæð og verða þannig 172 gestir í 50 herbergjum í gistiskála húsi á lóð nr. 47 við Barónsstíg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
11. Bíldshöfði 18 (40.650.02) 110672 Mál nr. BN061652  
500709-0140 Kjötkompaní ehf., Dalshrauni 13, 220 Hafnarfjörður  
Sótt er um leyfi til að breyta starfsemi rýmis mhl. 03 og innrétta kjötverslun og bakarí auk þess að gera flóttaleið og setja útsogsrör á suðurhlíð húss á lóð nr. 18 við Bíldshöfða.  
Erindi fylgir samþykki frá löglega boðuðum húsfélagsfundi dags. 9. ágúst 2022 og greinagerð brunahönnuðar dags. 7. mars. 2022.  
Gjald kr. 13.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
12. Blikastaðavegur 2-8 (24.961.01) 204782 Mál nr. BN061611  
581011-0400 Korputorg ehf., Tunguhálsi 6, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta lagerrými og starfsmannaaðstöðu, ásamt því að gera tvær vöruhúðir og móttökurými með skrifstofu í rými O, í mhl. 01 á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.  
Minnkun: xx ferm.  
Eftir breytingar, A-rými: 49.194 ferm., 450.154 rúmm.  
B-rými: xx ferm.  
Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir dags. 11. október 2022 og yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 13.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
13. Bolholt 6-8 (12.512.03) 103441 Mál nr. BN060543  
421003-3510 Húsfélagið Bolholt 8-3ja hæð, Bolholti 8, 105 Reykjavík  
420481-0479 Húsfélagið Bolholti 6, Bolholti 6, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að einangra og klæða að utan með álklaðningu á hús nr. 6-8 á lóð nr. 6-8 við Bolholt.  
Stærð: Óbreytt  
Erindi fylgir samþykki eigenda í formi fundar húsfélags dags. 29. ágúst 2022 og afrit eignaskiptayfirlýsinga f. matshluta nr. 01 og 02 dags. 7. mars 2022 og ágúst 2017.  
Gjald kr.12.600  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögdum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

14. Brautarholt 2 (12.412.01) 103019 Mál nr. BN061630  
670812-0810 Alma C ehf., Sundagörðum 8, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN060340, þannig að í stað þess að gert er ráð fyrir tveimur 33 kg. gaskútum verða þeir sex, fyrir kaffihúsið í fl. II tegund E í rými 0101 í húsi á lóð nr. 2 við Brautarholt.  
Gjald kr. 13.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
15. Brautarholt 6 (01.241.204) 103022 Mál nr. BN060766  
540269-6459 Ríkissjóður Íslands, Vegmúla 3, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, innrétta 6 íbúðir á 2. hæð, innrétta geymslur í austurhluta 1. hæðar, breyta gluggum á báðum hliðum, gera svalir á götuhlið og gera flatt þak á bakhús og gera þar svalir og aðkomu fyrir íbúðir á 2. hæð húss á lóð nr. 6 við Brautarholt.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga og minnisblað um brunahönnun dags. 11. apríl 2022.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. maí 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2022.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. ágúst 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2022.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 13. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 11. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 14. október 2022.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.  
Vísað til uppdráttar nr.  
1.1-01, dags. 15. júní'22.  
1.1-02, dags. 15. júní'22. Síðast breytt 25. ágúst 2022.  
1.1-03, dags. 15. júní'22  
1.1-04, dags. 15. júní'22  
1.1-05, dags. 15. júní'22. Síðast breytt 25. ágúst 2022.
16. Brautarholt 6 (12.412.04) 103022 Mál nr. BN061589  
670502-3090 XO eignarhaldsfélag ehf, Hátúni 2B, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055618 v/lokaúttektar þannig að rennihurðir á suðurhlið falla út og í staðinn koma hefðbundnir gluggar, innra skipulagi snyrtinga breytt í íbúðum 0301, 0306, 0307 og 0308, geymsluskápar færðir í einhverjum íbúðum og íbúð 0301 verður þriggja herbergja í stað fjögurra herbergja í húsi á lóð nr. 6 við Brautarholt.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga, bréf hönnuðar dags. 10. október 2022 og bréf hönnuðar um algilda hönnun snyrtinga dags. 19. október 2022.  
Gjald kr. 13.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
17. Depluhólar 4 (04.641.704) 111899 Mál nr. BN061601  
Jóhann Almar Einarsson, Depluhólar 4, 111 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta útliti á húsi og skipulagi lóðar, þ.e. tröppur upp á svalir felldar út, gluggar síkkaðir og komið fyrir hurð í stað glugga á suðausturhlið, gluggar síkkaðir og komið fyrir hurð á suðvesturhlið, lóð lækkuð neðan við botnplötu, bætt aðgengi og umferðarleiðir innan lóðar og að húsi, steipt setlaug og stoðveggir á lóðarmörkum húss á lóð nr. 4 við Depluhóla.  
Erindi fylgir umboð eiganda dags. 6. október 2022, bréf eiganda, rökstuðningur vegna breytinga dags. 11. október 2022, samþykki aðliggjandi lóðarhafa nr. 2 við Depluhóla og nr. 1 við Erluhóla.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar sem samþykktir voru þann 12. júlí 1984.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 20. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 20. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2022.

Gjald kr.13.200

Frestað.

Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2022.

18. Dísarás 2-18 (01.370.402) 111286 Mál nr. BN061637  
Kristján Dereksson, Dísarás 14, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka íbúð 07-0101 og breyta innra skipulagi 1.hæðar í húsi, stækka 1. hæð undir svalir 07-0202 og færa eldhús íbúðar 07-0101 húsi nr. 14 á lóð nr. 2-18 við Dísarás.  
Stækkun: 3,9 ferm., 10,5 rúmm.  
Erindi fylgir samþykki eigenda og meðlóðarhafa matshluta nr. 01-08 dags. 3. október 2022.  
Gjald kr. 13.200  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
19. Drafnarstígur 3 (11.342.15) 100341 Mál nr. BN061633  
Þorsteinn Máni Hrafnsson, Kanada, Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060047, þ.e. reisa mannvirki í stað þess sem þegar er fjarlæggt, breyting á hæðarkótum, hækka mæni og lækka gólf kjallara í húsi á lóð nr. 3 við Drafnarstíg.  
Stækkun: -0,1 ferm., +52,1 rúmm.  
Niðurrif í óleyfi í erindi BN061617  
Gjald kr.13.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
20. Dugguvogur 42A(2A) (14.520.02) 225186 Mál nr. BN060829  
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja spenna dreifistöð og hjólastæði vestan við mannvirki á lóð nr. 42A við Dugguvog.  
Stærð: 47,4 ferm., 205,3 rúmm.  
Gjald kr. 12.600  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
21. Efstaleiti 19 (17.452.01) 224636 Mál nr. BN061631  
Baldvin Birgisson, Vatnsstígur 20-22, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að deila rými 0121 í tvö rými, innréttu snyrtistofu í rými að götu og lögfræðistofu í rými að garði í íbúðar- og atvinnuhúsinu Efstaleiti 25B á lóð nr. 19 við Efstaleiti.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 13.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
22. Engjavegur 40 Mál nr. BN060886  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir fimm forsmíðuðum smáhúsum úr krosslímdu timbureiningum á lóð nr. 40 við Engjaveg.  
Stærðir:  
Mhl.01: 32,7 ferm., 98,4 rúmm.  
Mhl.02: 29,7 ferm., 90,9 rúmm.  
Mhl.03: 29,7 ferm., 90,9 rúmm.  
Mhl.04: 29,7 ferm., 90,9 rúmm.  
Mhl.05: 29,7 ferm., 90,9 rúmm.  
Samt.:151,5 ferm., 462,1 rúmm.  
Erindi fylgir umboð aðalhönnuðar dags. 25. apríl 2022.

Erindi fylgir greinargerð hljóðvistar dags. 2. júní 2022

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

23. Faxafen 10 (14.661.01) 195609 Mál nr. BN061594  
620812-0560 GILDI fasteignafélag ehf., Auðbrekku 9-11, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 2. hæð og innréttaðar starfsstöðvar fyrir lítil fyrirtæki, í rými 0211 er innréttað snyrtistofa og 3. hæð er breytt í geymslur í húsi á lóð nr. 10 við Faxafen.  
Gjald kr. 13.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
24. Fiskislóð 71-73 (10.871.02) 100007 Mál nr. BN061579  
421121-0520 Kvikuhólf ehf., Garðaholtsvegi Grænig, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060690, þ.e. innan- og utan, textabreytingar á grunnmyndum og byggingarlýsingu, bætt við fallvörnum á sætispöllum 1. hæðar í sýningarsal, innra skipulagi 2. hæðar og gönguhurð í metangeymslu hefur verið fjarlægð, á báðum hæðum verði bar, þ.e. kaffihús í flokki II, tegund e. fyrir 80 manns í sæti, heildar fjöldi um 210 í húsi nr. 73 á lóð nr. 71-73 við Fiskislóð.  
Erindi fylgir afrit aðaluppdráttar erindis BN061276 og yfirlit breytinga unnið á afriti teikninga hönnuðar dags. br. 6. október 2022.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar, umboð eiganda og svar umsagnaraðila Vinnueftirlits ríkisins dags. 20. október 2022 og greinargerð brunahönnuðar dags. 10. október 2022.  
Gjald kr. 13.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
25. Fossvogsblettur 2 (01.84) 108667 Mál nr. BN061622  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að rífa einbýlishús, mhl. 01, rýmisnúmer 0101, og geymslu, mhl. 70, rýmisnúmer 0101 á lóð nr. 2 við Fossvogsblett.  
Niðurrif er: mhl. 01 83,3 ferm. og mhl. 70 er 9,1 ferm.  
Gjald kr. 13.200  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
26. Fossvogsblettur 2A (01.84) 108667 Mál nr. BN061621  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til niðurrifs húss, sem er skráð með tvær íbúðir, 02. 0101, og 02 0102 og geymslu 71.0101, á lóð nr. 2A við Fossvogsblett.  
Niðurrif er: mhl. 02 0101 er : 66,7 ferm., mhl. 02 0102 er 28,9 ferm., Mhl. 71 0101 er 13,5 ferm., samtals 109,1 ferm.  
Gjald kr. 13.200  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
27. Framnesvegur 13 (11.341.06) 100316 Mál nr. BN059355  
580413-2420 B10 fasteign ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að síkka glugga og bæta við hurð, koma fyrir svölum og tröppum á suðurhlíð íbúðar 0201 í íbúðarhúsi á lóð nr. 13. við Framnesveg.  
Erindi fylgir óundirrituð yfirlýsing burðarþolshönnuðar dags. 24. mars 2022, fundargerð húsfundar dags. 8. apríl 2021 og afrit af samþykktari aðaltekningu dags. 31. janúar 1952.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2021.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. október 2022 fylgir erindi, einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2022. Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Brekkustíg 4, 4a, 4b og 6 og Framnesvegi 11, 11a og 15, frá 14. júní til og með 13. júlí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Kjartan Páll Sveinsson og Phoebe Anna Jenkins dags. 10. júlí 2022, Haseeb Randhawa and Stéphanie Desjardins dags. 12. júlí 2022 og Gunnar Helgi Kristinsson og María Jónsdóttir dags. 13. júlí 2022. Einnig er lagður fram tölvupóstur Öldu Magnúsdóttur dags. 22. júní 2022 þar sem ekki er gerð athugasemd við framkvæmdina/tillöguna.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2022.

28. Freyjugata 16 (01.186.2) 102242 Mál nr. BN061489  
550616-0410 EA Practice slf., Skippholti 50d, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að hækka um eina hæð, byggja kvisti og innréttar fjórar íbúðir í húsi á lóð nr. 16 við Freyjugötu.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 13. september 2022 og lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2022.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 20. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2022.  
